

Rýmingaráætlun Höfðabergs.

Fari brunaviðvörðunarkerfið í gang

skal unnið samkvæmt eftirfarandi rýmingaráætlun:

1. Leikskólastjóri (Tinna) eða aðstoðarleikskólastjóri (Anna María) Höfðabergs eða staðgengill fara að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis, slökkva á hringingu, aðgæta hvaðan brunaboðið kemur og kanna nánar hvað um er að vera.
2. Starfsmenn leikskólans og nemendur halda kyrru fyrir í því rými sem þeir eru staddir í og bíða rólegir frekari fyrirmæla.

Fari brunakerfið aftur í gang og hringing er stöðug í meira en 10 sek. skal rýma skólann :

1. Kennarar og deildarstjórar undirbúa rýmingu húsnæðis. Börnin fara hefðbundna leið út þ.e.a.s. þá leið sem þeir ganga daglega um, fer þó eftir aðstæðum hverju sinni, sjá teikningu um aðrar útgönguleiðir.
2. **Áríðandi er að deildarstjórar og starfsfólk muni að hafa meðferðis nafnalista deildanna og framkvæmi nafnakall áður en húsnæðið er yfirgefið.**
3. Hurðir með hurðapumpum milli deilda / milli álma og í eldhúseiningu eru eldvarnarhurðir og við eld / þegar brunakerfið fer í gang lokast þær og halda eldi frá í 30 mínútur.
4. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri eða staðgengill hafa samband við slökkvilið í síma 112 og tilkynna um eld. Ef um er að ræða boð frá öryggiskerfinu og ekki er eldur er hringt í Securitas og gefnar skýringar á brunaboðinu. Aðeins ef ekki er um eld að ræða.
5. Þegar út er komið safnast allir saman á söfnunarsvæði leikskólans sem er **fótboltavöllurinn**
6. Deildarnar fara í raðir eða aðgreinanlega hópa eftir deildum. Kennarar / starfsmenn deilda fara yfir nafnalista og aðgæta hvort öll börnin hafa komist út. Ef allir eru til staðar skal möppu lyft upp og grænni hlið snúið fram. Ef svo er ekki er rauðri hlið möppunnar snúið fram.
7. Þeir starfsmenn sem ekki hafa ákveðið hlutverk aðstoða við að koma börnunum í réttar raðir / hópa og safnast svo saman við enda fótboltavallar nær bílastæði.
8. Leikskólastjóri / aðstoðarleikskólastjóri / staðgengill fara á milli hópa og fá upplýsingar um hvort öll börnin hafa skilað sér út með hópnum. Ef ekki þá þarf að kanna hvar barnið sást síðast í skólanum, hvort viðkomandi barn sé fjarverandi eða annað.
9. Slökkviliði kemur á staðinn, leikskólastjóri / aðstoðarleikskólastjóri / staðgengill gefa varðstjóra upplýsingar um hvort einhver börn hafa orðið eftir inni og um hugsanlega staðsetningu þeirra.

Hlutverk starfsmanna:

Eldhússtarfsfólk : slekkur á öllum tækjum. Það opnar stóra hliðið á grindverkinu við bílastæðið, lykillinn hangir við hurðina út í garð við eldhúsið.

Leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri / staðgengill : hringja í 112, aðgæta hvort allir (börn og starfsmenn) eru komnir út úr húsi og vakta að enginn fari inn aftur þar til hættuástandi er aflýst eða slökkvilið tekur við.

Annað starfsfólk : Hjálpast að við að koma börnunum út úr byggingunni og út á fótboltavöllinn.

Sá aðili sem síðastur er út af hverju svæði skal loka hurðum á eftir sér, ekki læsa, til að draga úr reyklæði um rýmið og hindra útbreiðslu elds eins og kostur er.

Muna að halda ró sinni og alls ekki hlaupa eða ryðjast á leið út.

Staðgengill leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra í rýmingu er Gugga.